

**53. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
17. janúar 2017 og hófst hann kl. 16:30**

**Fundinn sátu:**

Sigríður Indriðadóttir formaður, Kristinn Hallur Sveinsson aðalmaður, Ásthildur Ósk Ragnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigrún Inga Guðnadóttir áheyrnarfulltrúi, Þórður Guðjónsson varamaður, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Steinar Dagur Adólfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1611053 - Nýgerður kjarasamningur kennara.**

Kynning á nýgerðum kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags grunnskólakennara sem gildir frá 1. des. 2016 - 30. nóv. 2017.  
Bókun 1 í kjarasamningi segir:

Í kjarasamningum 2014 voru gerðar breytingar á starfsumhverfi kennara og vinnumat innleitt í grunnskólum. Samningsaðilar eru sammála um að framkvæmd breytinganna hafi ekki tekist sem skyldi í mörgum grunnskólum og því verði hverju sveitarfélagi falið að fara yfir framkvæmdina ásamt fulltrúum kennara í hverjum skóla. Markmið slíkrar vinnu er að bæta framkvæmdina þar sem þörf er á og ná sátt um starfsumhverfið. Beina skal sjónum að innra starfi skóla og þeim verkefnum sem grunnskólinn sinnir, tryggja að kennsla og undirbúningur séu forgangsverkefni í skólastarfi og léttu álagi af kennurum þar sem við á. Verkefnið skal unnið á samningstímanum í samræmi við vegvísi að aðgerðaráætlun sem samstarfsnefnd aðila mun leggja fram í janúar 2017.

Samstarfsnefnd aðila tekur saman niðurstöður þessarar vinnu fyrir lok samningstímans.

Samningsaðilar munu gera ríkissáttasemjara grein fyrir framgangi þessarar bókunar þrisvar á samningstímanum; fyrir 20. janúar 2017, fyrir 15. maí 2017 og fyrir 15. september 2017.

Skóla- og frístundaráð þakkar fyrir kynninguna og óskar eftir að fá að fylgjast með framgangi bókunarinnar.

*Steinar Adólfsson vikur af fundi.*

**2. 1609144 - Námsvist utan lögheimilssveitarfélags**

Trúnaðarmál til kynningar

**3. 1701200 - Tómstundaráðgjöf fyrir 60 ára tilraunaverkefni**

Kynning á bréfi um þróunarverkefni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs og frá sviðsstjóra velferðar- og mannréttindasviðs um samstarfsverkefni milli velferðar- og mannréttindasviðs og skóla- og frístundasviðs í samvinnu við íþróttafulltrúa ÍA. Þróunarverkefnið felst í því að veita íbúum, eldri en sextíu ára og eru ekki á

vinnumarkaði, tómstundaráðgjöf til þess að aðstoða þá við að nota frítíma sinn á uppbyggjandi hátt og þar með auka lífsgæði þeirra.

Sviðsstjórar skóla- og frístundasviðs og velferðar- og mannréttindasviðs ásamt verkefnastjóra æskulýðs- og forvarnarmála, verkefnastjóra heimaþjónustu og Íþróttafulltrúi ÍA munu leiða verkefnið og þróa en samstarfsaðili verður FEBAN, Félag eldri borgara á Akranesi og nágrenni.

**4. 1601061 - Þróunarsjóður skóla- og frístundasviðs úthlutun 2016**

Á árinu 2015 ákvað bæjarstjórn að leggja árlega kr. 3.500.000 í nýjan Þróunarsjóð skóla- og frístundasviðs. Tilgangurinn með þróunarsjóðnum er að styðja við þróunar- og nýsköpunarstarf á sviði skóla- og frístunda á vegum Akraneskaupstaðar með það að markmiði að starfsemin verði í sífelldri þróun í takt við breytingar í umhverfi og samfélagi. Skóla- og frístundasviði tilheyra skólaþjónusta skóla, leikskólar, grunnskólar, Tónlistarskólinn á Akranesi, frístundamiðstöðin Þorpið og íþróttamannvirki Akraneskaupstaðar. Skólar, frjáls félagasamtök og aðrir aðilar geta verið samstarfsaðilar í þróunarverkefnunum. Auglýst er nú eftir umsóknum um styrki. Umsóknafrestur er til 31. janúar 2017.

**5. 1611139 - Styrkir vegna menningar-, íþrótt- og atvinnumála 2017**

Umsóknarfrestur styrkja í styrktarpott menningar-, íþrótt- og atvinnumála rann út 1. desember sl. fyrir úthlutun á árinu 2017.

Bæjarráð óskar eftir umsögn og forgangsriðun frá skóla- og frístundaráði um umsóknir sem falla undir íþróttamál.

**6. 1701209 - Umgengisreglur sundstaða á Akranesi**

Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra að fylgja eftir vinnu við gerð umgengisreglna fyrir íþróttamannvirki á Akranesi og innleiðingu þeirra með forstöðumanni íþróttamannvirkja og starfsmönnum.

Tillagan samþykkt

*Skóla- og frístundaráð leggur áherslu á að Akraneskaupstaður verði áfram eins og hingað til framsækið bæjarfélag sem leggur meðal annars áherslu á almenna notkun á íþróttamannvirkjum bæjarins með heill bæjarbúa og gesti þeirra að leiðarljósi. Ráðið samþykkir að farið verði strax í vinnu við að móta umgengisreglur fyrir íþróttamannvirki bæjarins til þess að þeir sem þá sækja geti notið þeirrar þjónustu sem þar er í boði og gestir og starfsfólk geti átt ánægjuleg og uppbyggileg samskipti. Ráðið leggur áherslu á að gestum sé ekki mismunað, til að mynda á grundvelli kyns, litarháttar, trúarbragða eða fötlunar í samræmi við mannréttindastefnu Akraneskaupstaðar.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:30.**

Sigríður Indriúadóttir  
Asthildur Ósk Reynisdóttir.

Sigrún I. Guðnadóttir  
Pósth. Gætt.

Kristín H. Sveinsson 2